

# Sumarhúsabyggðir - frístundahús

Guðmundur Gunnarsson  
yfirverkfræðingur  
Brunamálastofnun

# Dúkhús í Grindavík



# Dúkhús í Grindavík



# Sumarhúsabyggðir - frístundahús

- 8914 skráð sumarhús í skráum FMR (2005)
  - Mat um 47 milljarðar
  - Meðalfasteignamat um 5.2 millj
  - Eru í 89 sveitarfélögum
  - Fjöldi frá 1 upp í 1852
  - Meðaltal 99 stk

# Frumvarp til laga um frístundabyggð.

- 1. *Frístundabyggð*: Afmarkað svæði innan jarðar eða jarða þar sem eru a.m.k. sex lóðir undir frístundahús.
  2. *Frístundahús*: Hús utan þéttbýlis sem aðallega er nýtt til að fólk geti dvalist þar tímabundið til að eyða frítíma sínum og þar sem að öðru jöfnu er óheimilt að hafa skráð lögheimili. Mannvirki sem stendur á lóð fyrir frístundahús, svo sem geymsla, en er ekki samtengt frístundahúsi, er hluti hússins í skilningi laga þessara. Þó teljast eftirfarandi mannvirki ekki frístundahús í skilningi laga þessara: Fjallaskálar, gangnamannaskálar, aðstöðuhús, neyðarskýli, kofar og önnur slík mannvirki utan þéttbýlis. Enn fremur teljast hús og önnur mannvirki, sem standa á landi sem fellur utan 3. tölul., ekki frístundahús í skilningi laga þessara.
    3. *Lóð undir frístundahús*: Skiki lands utan þéttbýlis sem afmarkaður er í samningi eða skipulagi, sem á grundvelli sérgreindrar hagnýtingar, auðkenna eða landamerkja getur talist sjálfstæð eind og hefur a.m.k. að hluta til verið nýttur undir frístundahús eða heimilt er að reisa slíkt hús þar.

# Sumarhúsabyggðir - frístundahús

- Sérstök vandamál
  - Fjarlægðir (utan alfaraleiða)
  - Aðkoma
  - Vatnsmál
  - Byggingar
    - Stærðir húsa
    - Byggingarefni
    - Slökkvi- eða viðvörunarkerfi?
  - Gróðurbrunnar
    - Orsök eða afleiðing


< ½ meðal frístundahús



# Bústaðir brenna



# Ekki frístundabyggð < 6 lóðir



# Skilgreind frístundabyggð > 6 lóðir





# Fjarlægðir...



# Fjarlægðir...

- Langur útkallstími
  - Kemur slökkviliðið á staðinn?
  - Húsin brenna til grunna
  - Auknar einkabrunavarnir?
- Hvernig á að finna húsið
  - Nafn/sveitarfélag?
  - Öryggisnúmerakerfi
  - GPS hnit

# Aðkoma

- Er ökufært að húsum?
  - Burðargeta vega
    - Öxulþungi > 10 tonn (líka á vorin)
  - Snjór
    - Snjósleðar?
    - Dæla á sleða
  - Læst hlið
  - Þröngar beygjur
- Bátar

# Aðkoma




Hvað þolir þessi vegur?

# Vatnsmál

- Gera þarf grein fyrir slökkvivatnspörfinni á skipulagsstigi
  - Áður en leyfi eru veitt
- Fjarlægð í vatnsból < 300 m mælt eftir vegi.
  - Lækir, tjarnir, sjór,.....
- fært að vatnsbólínu allt árið
- vegur þoli þunga slökkvibíls (líka í aurbleytu á vorin).
- Vatnspörf
  - Slökkvivatnspörfin reiknuð út eftir *Slökkvivatn fyrir byggingar, maí 1996.*
  - *Vatnspörfin er ekki undir 10 l/sek ef miðað er við að hvert hús fari ekki yfir 100 m<sup>2</sup> og heildarvatnspörf um 36 m<sup>3</sup> reiknað með 1. klst. notkun.*
- Hafa þarf í huga að væru lagðar það sverar lagnir að það dygði fyrir brunahana (almenn viðmiðun er minnst 110 mm) eru líkur á að vatnið stæði það lengi í lögninni að það yrði ódrykkjarhæft.
  - sírennsli í endalögn til að tryggja vatnsgæðin.

# Vatnsból



# Byggingar

- Efnisval
  - Mest timburpanell í eldri húsum
  - Ný hús eru mörg gifsklædd
  - Samlokueiningar PIR/PUR í byggingum
    - Eru EKKI ALLSEKKI leyfðar
- Stærðir húsa
  - Frá litlu og upp í 459 m<sup>2</sup> (mbl.is)

# Gróðurbrunar

## – Gróðurbrunar

- Orsök eða afleiðing fyrir bruna í húsi
- Timburpallar
- Forsíðu fréttablaðsins 2.4.08
  
- Mýrarbruninn 2 ára í vikunni

# Niðurstaða

- Slökkvliðsstjóri þarf að koma að skoðun á skipulagshugmyndum á fyrstu stigum m.t.t.
  - Skipulagsskilmála
  - Vatnsmála
  - Umferðar
    - Gera kröfu um gæði vega

- 4.21 *Frístundahús*: Hús sem ætlað er til tímabundinnar dvalar. Frístundahús þurfa ekki að uppfylla skilyrði sem sett eru um íbúðarhús. *Frístundahús, veiðihús og önnur áþekk hús*. 115.1  
Frístundahús, sæluhús, fjallaskála, veiðihús, skíðaskála, leitarmannahús og björgunarskýli skal hanna þannig að húsin falli sem best að umhverfi sínu hvað varðar útlit, efnisval, litaval o. fl.
- 115.2 Í frístundabyggð á vegum launþegasamtaka, starfsmannafélaga eða annarra samtaka skal að minnsta kosti eitt hús vera þannig hannað að það henti hreyfihömluðum.
- 115.3 Um öflun vatns og hreinlætisaðstöðu fer samkvæmt heilbrigðisreglugerð. Nota skal rotprær eða annan hliðstæðan búnað sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt.
- 115.4 Veggir og þök húsa skulu vera EI30 og klæðningar í flokki 2.
- 115.5 Í öllum húsum skal vera reykskynjari og handslökkvitæki af viðurkenndri gerð og stærð. Á hverju svefnherbergi skal vera opnanlegur gluggi sem fullnægi kröfum um björgunarop, sbr. gr. 159.
- 115.6 Hús, þar sem gert er ráð fyrir fleiri en 10 manns í gistingu, skulu uppfylla ákvæði gr. 110 að svo miklu leyti sem unnt er miðað við aðstæður en sérstaklega er varðar viðvörðun, flóttaleiðir og neyðarmerkingar.
- 115.7 Varðandi eldstæði vísast til gr. 192.
- 115.8 Varðandi brunatákn og aðrar brunatæknilegar skilgreiningar vísast í 7. kafla.
- 115.9 Um sæluhús, fjallaskála, veiðihús, skíðaskála, svefnskála, vinnubúðir, leitarmannahús, björgunarskýli o.þ.h. hús gilda jafnframt ákvæði heilbrigðisreglugerðar, reglugerðar um veitinga- og gististaði, reglur Brunamálastofnunar og reglur um húsnæði vinnustaða eftir því sem við á. Um vinnubúðir gilda enn fremur ákvæði reglugerðar um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir.

# Byggingar utan alfaraleiða

- Einkenni:
- Langur útkallstími
- Slökkvilið kemur mjög seint eða alls ekki
- Mannvirkið brennur út
- Venjulegar lausnir gilda ekki